

Viðauki.

Tafla til skýringar á reglum 3., 8. og 9. gr. um tegundir og dreifingu eigna samanlagt og að hámarki á einni hendi.

Hámark eigna sem hlutfall váttr.skuldar, %	Tegundir eigna	Hámark eigna á einni hendi sem hlutfall váttr.skuldar, %
100	1. Verðbréf með ábyrgð ríkis og kröfur á ríki á svæði A.	100
	2. Innstæður hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum á svæði A undir opinberu eftirliti.	5 - 10 *
	3. Útlán með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverði.	100
50	4. Verðbréf með ábyrgð sveitarfélags og kröfur á sveitarfélag á svæði A.	10
40	5. Verðbréf skráð á reglulegum markaði á svæði A. Verðbréf útgefin af viðskipta- bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum undir opinberu eftirliti á svæði A og útlán með ábyrgð þeirra.	5 - 10 *
40	6. Fasteignir, lönd og lóðir. Eignarhlutir í félögum sem hafa að megintilgangi að fjárfesta í slíkum eignum. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir. Verðbréf með veði í varanlegum rekstrarfjármunum.	5
10	7. Hlutabréf ekki skráð á reglulegum markaði.	1
8	8. Verðbréf og kröfur með annarri tryggingu en í 6. tölul.	1
5	9. Verðbréf og kröfur án sérstakrar tryggingar.	1
3	10. Reiðufé.	
40	11. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða	10 í hverjum sjóði 20 í hverju rekstrarfélagi

* Sbr. 9. gr.

Minnisblað EVR um umsagnir -

Málsnúmer: EVR09100268

Búið til: 03/12/2010

Ábyrgur: Kjartan Gunnarsson

	<i>Efnahags- og viðskiptaráðuneyti</i>	
	<i>Minnisblað</i>	

**Minnisblað
Almennt**

Valkostir skjals:

Áminningar

	Áskriftir:
--	-------------------

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**

Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**

Dagsetning: **12.03.2010**

Málsnúmer: **EVR09100268**

Bréfalykill: **3.1**

Efni: Umfjöllun um umsagnir við frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki

Tilmæli ráðherra:

Textl:

Fjölmarginir umsagnaraðilar sendu viðskiptanefnd umsagnir við frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að gera nefndinni grein fyrir viðhorfi sínu til umsagnanna.

Nokkur fjöldi umsagna var almenns eðlis eða þannig að ekki var fjallað um efni einstakra greina frumvarpsins. Minnisblað þetta takmarkast við umfjöllun um þær umsagnir sem unnt var að heimfæra upp á einstakar afmarkaðar greinar.

1. gr.

Eftir að frumvarpið var lagt fram hefur óformlegur rýnihópur ráðuneytisins og SFF, undir handleiðslu Aðalsteins E. Jónssonar hrl., dósentis við lagadeild HR, farið gaumgæfilega yfir skilgreiningar í 1. gr. frumvarpsins og hefur niðurstaða þeirrar vinnu orðið að leggja til nokkrar breytingar og viðbætur við texta greinarinnar. Eru þær eftirfarandi:

1. *Náin tengsl*: Náin tengsl teljast vera til staðar þegar:

- a. bein eignartengsl eða bein yferráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðiavægi fyrirtækis liggja fyrir, eða
- b. yferráð eða samstarf er til staðar milli aðila í skilningi laga þessara.

2. *Hópur tengdra viðskiptavina*: Það telst hópur tengdra viðskiptamanna ef öðru eða báðum eftirtalinnu skilyrða er fullnægt:

- a. Tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yferráð yfir hinum, eða
- b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yferráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a. lið, en teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í greiðsluferfiðleikum.

4. *Hlutdeild*: Beinn eða óbeinn eignarréttur eða eftir atvikum annars konar ráðstöfunarréttur yfir eignarhlut, t.d. atkvæðisrétti.

5. *Samstarf*: Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða.

1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í staðfestri samvist eða skráðri sambúð.
2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yferráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yferráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul.
3. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög og systurfélög teljast í samstarfi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 2. og 4. tölul.
4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

6. *Framkvæmdastjóri*: Einstaklingur sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti.

8. *Lykilstarfsmaður*: Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.

9. *Yferráð*: Með yferráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi beint eða óbeint:

1. samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu, eða
2. á grundvelli sammings við aðra hluthafa eða stofnfjárhafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu, eða
3. öðlast rétt til að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

4. gr.

Seðlabanki Íslands gagnrýnir að ekki sé að finna í frumvarpinu afgerandi ákvæði sem auki valdheimildir Fjármálaeftirlitsins til inngripa. Telur ráðuneytið gagnrýni þessa ekki sanngjarna enda er slíkar tillögur víða að finna í frumvarpinu, m.a. í 4. gr.

Bæði FME og SFF leggja til breytingar á ákvæðum greinarinnar. Telur ráðuneytið að viðbætur þær sem lagðar eru til í umsögnunum séu til bóta og gerir tillögu um eftirfarandi breytingu sem unnin er upp úr umsögnunum:

a. Heiti greinarinnar (10. gr. a.) verði: **Takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis.**

b. Nýr málslíður bætist við 1. mgr. greinarinnar, svohljóðandi: **Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að takmarka tímabundið starfsemi fjármálafyrirtækis sem því er heimilt að stunda, í heild eða hluta, hvort sem hún er starfsleyfisskyld eða ekki, telji stofnunin sérstaka ástæðu til.**

c. Ný málsgrein bætist við greinina og verður hún 2. mgr., svohljóðandi: **Áður en gripið er til takmörkunar skv. 1. mgr. skal viðkomandi fjármálafyrirtæki gefinn kostur á að koma við úrbótum, sé það unnt að mati Fjármálaeftirlitsins. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu rökstuddar skriflega. Veiti fjármálafyrirtækið þjónustu í öðru aðildarríki skal tilkynning um efni ákvörðunarinnar og rökstuðning send lögbærum eftirlitsaðila í því ríki.**

5. gr.

SÍ, SÍSP, Bankasýslan, Fjármálaeftirlitið og SFF fjalla í umsögnum sínum um ákvæði greinarinnar, bæði um þá orðalagsbreytingu sem lögð er til, til samræmis við ákvæði tilskipunar nr. 48/2006/EB, um lágmark stofnfjár og eins um að undanþága frá fjárhæðarmörkum stofnfjár/eiginfjár sem starfandi sparisjóðir hafa notið verði felld brott.

Hvað varðar fyrra atriðið þá telur ráðuneytið misskilnings gæta hjá þeim sem telja að framsetning frumvarpsins gangi lengra eða sé fjármálafyrirtækjum þyngri í

skauti en framsetning gildandi laga. Engin breyting er lögð til á fjárhæðarmörkum, þ.e. 5 milljónum evra. Fjárhæðarmörkin hafa um nokkurra ára skeið verið óbreytt og hljóðar núgildandi 1. mgr. 14. gr. svo: Hlutfé viðskiptabanka og lánaþyrirtækis og stofnfé sparisjóðs, sbr. þó 77. gr., skal að lágmarki nema 450 milljónum króna **en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.** Í frumvarpinu er lögð til einföldun með textanum: **Sé hlutfé eða stofnfé skv. 1.-6. mgr. skráð í íslenskum krónum skal miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.**

FME gerir grein fyrir því í umsögn sinni að í texta frumvarpsins megi gera betur grein fyrir samspili reglna um lágmark stofnfjár við veitingu starfsleyfis og reglna um eiginfjárgrunn. Er ábending þessi réttmæt að mati ráðuneytisins. Í samræmi við þá ábendingu leggur ráðuneytið til eftirfarandi breytingu á ákvæði greinarinnar:

a. Ný málsgrein, sem verður 1. mgr., bætist við greinina, svohljóðandi: **Við veitingu starfsleyfis skal lágmark stofnfjár eða hlutfjár fjármálaþyrirtækja vera eins og tilgreint er í 2.-7. mgr.**

b. Tilvísanir til 1.-6. mgr. í 8.-10. málsg. verða „**2.-7. mgr.**“

Hvað varðar umfjöllun umsagnaraðila um afnám undanþágu frá lágmarki stofnfjár sparisjóða vill ráðuneytið leggur áherslu á það sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að mikilvægt sé að tryggja fjárhagslegan styrk fjármálaþyrirtækja. Þá er eins og misskilnings gæti varðandi undanþáguheimildina í einhverjum tilvikum. Stafar hann e.t.v. af óljósu samspili á milli ákvæða um lágmark fjárhagslegs styrks við veitingu starfsleyfis og ákvæða um hvernig fjárhagslegur styrkur er metinn eftir að starfsemi er hafin. En eins og að framan er getið leggur ráðuneytið til breytingartillögu, samkvæmt ábendingu FME, til þess að auðveldara sé að átta sig á þessu samspili.

Með neyðarlögum haustið 2008 var fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, heimilað að leggja sparisjóðunum til fé til þess að koma í veg fyrir að þeir færu í þrot. Hefur verið unnið að því verkefni síðan á vegum stjórnvalda, með aðkomu SÍ og FME, að finna leiðir til þess að rétta við fjárhag sparisjóðanna. Þótt ákveðið yrði að fella ákveðið brott úr frumvarpinu er engu að síður ljóst að undanþágan fær ekki staðist í þeim tilvikum að ríkissjóður, eða Bankasýslan, verði með yfiráð (e. control) í viðkomandi sparisjóði. Samkvæmt tilskipun þeirri sem ákveðið byggir á (nú tilsk. nr. 48/2006) fellur réttur til undanþágu niður við breytingar á yfiráðum, en skilgreining tilskipunarinnar á yfiráðum vísar til tilskipunar um samstæðureikningsskil (349/83/EEC).

Þegar þetta er ritað (marsbyrjun 2010) er enn ekki ljóst hversu stóran eignarhlut (stofnfé) Bankasýslan muni fara með í einstökum sparisjóðum. Stefnir í að í flestum sjóðanna muni meiri hluti stofnfjár verða á forræði Bankasýslunnar.

Ennfremur á eftir að ljúka samningsgerð á milli þeirra og SÍ hvað varðar frágang vijkjandi lána, eða lána með breytirétti, og því telur ráðuneytið óráð að falla frá þeim áformum að fella undanþáguna brott.

Ennfremur er þess að geta að lengi hafa verið uppi áform um sameiningu sparisjóða. Ekkert hefur orðið úr sameiningum nema þegar sparisjóðum, sem í raun voru komnir í þrot, hefur verið rétt hjálparhönd af öðrum sparisjóði, eða sjóðum. Með afnámi undanþágu um fjárhagslegan styrk eykst þrýstingur á aðila að taka til hendinni meðal sparisjóðanna, sameina þá sem ekki hafa burði til að standa sjálfstætt og efla þannig sparisjóðakerfið.

Þrátt fyrir það sem að framan segir telur ráðuneytið ekki óeðlilegt að gefinn sé hæfilegur tími til sameiningar eða fjárhagslegrar endurskipulagningar þeirra sparisjóða sem ekki uppfylla ákvæði um lágmarks fjárhagslegan styrk. Í gildandi lögum (77.gr.) er frestur þessi 3 mánuðir en að teknu tilliti til umsagnar SÍ og FME telur ráðuneytið hæfilegt að miða tímafrestinn við árslok 2010, sjá þó umfjöllun um 40. gr. frv.

Þá leggja SFF og SÍSP til að heimilt verði að stofna fjármálafyrirtæki hér á landi með lægra stofnfé en hin almenna regla gerir ráð fyrir. Ráðuneytið telur slíkar hugmyndir varhugarverðar og ekki til þess fallnar að efla styrk innlends fjármálakerfis.

6. gr.

Þeir umsagnaraðilar sem fjalla um efni 6. gr. frv. í umsögnum sínum eru FME, SFF, Deloitte og Félag um innri endurskoðun (FIE).

FME leggur til breytingu á texta 2. másl. 1. mgr., um óhæði innri endurskoðunardeildar gagnvart öðrum starfseiningum, SFF gerir athugasemd við það ákvæði 1. mgr. að starfsmenn innri endurskoðunardeildar megi ekki vera hluthafar eða aðilar að kaupaukakerfi, FIE gerir athugasemd við að rafeyrisfyrirtækjum og verðbréfamíðlurum skuli ekki skylt að stafrækja innri endurskoðunardeild, við ákvæði um fjölda starfsmanna og einnig við það ákvæði frumvarpsins að starfsmenn innri endurskoðunardeilda megi ekki vera hluthafar eða aðilar að kaupaukakerfum.

Ráðuneytið telur ábendingar umsagnaraðila vel rökstuddar og leggur til að gerðar verði breytingar á ákvæðum 1. mgr., þannig (breyting feitletruð):

Í fjármálafyrirtæki (...) skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Innri endurskoðunardeild skal starfa óháð öðrum deildum í skipulagi fjármálafyrirtækis og er hún hluti af skipulagi þess og þáttur í eftirlitskerfi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar skulu sameiginlega búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til þess að takast á við verkefni deildarinnar og skal starfsmannafjöldinn endurspegla stærð fjármálafyrirtækis og starfsemi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar mega ekki

vera hluthafar í viðkomandi fjármálafyrirtæki (....) Heimilt er að kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar í reglugerð.

Samkvæmt breytingartillögunni er felld brott tilvísun til rafeyrisfyrirtækja og verðbréfamíðlara en áfram gert ráð fyrir því, sbr. lokamálsgrein, að FME geti veitt undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeilda. Verði það mat FME að rekstur slíkra fyrirtækja kalli ekki á að haldið sé úti sjálfstæðri starfsemi innri endurskoðunardeildar standa ákvæði greinarinnar ekki í vegi fyrir undanþágu. Ennfremur er lagt til að felld verði brott tilvísun til þess að starfsmenn innri endurskoðunardeilda megi ekki vera aðilar að kaupaukakerfum. Í 39. gr. (um 57. gr.a.) er lagt til að FME setji reglur um kaupaukakerfi. Ekkert er því til fyrirstöðu að reglur þessar tiltaki sérstök skilyrði eða framkvæmd á kaupaukakerfum gagnvart starfsmönnum eftirlitseininga fjármálafyrirtækja, s.s. starfsmönnum innri endurskoðunardeilda.

Varðandi ákvæði 2. mgr. leggur FME til að það geti tekið hæfi forstöðumanns innri endurskoðunardeildar til sérstakrar skoðunar ef stofnunin telur tilefni til. Er einkum verið að vísa til þess að breytingar á stjórn eða helstu hluthöfum geti leitt til þess að hæfi forstöðumanns kunni að verða dregið í efa. SFF, FIE og Deloitte fjalla um hæfisskilyrði forstöðumanns og bera þau saman við hæfisskilyrði stjórnarmanna í gildandi lögum. Þess er að geta að í frumvarpinu er gerð tillaga um verulega hert hæfisskilyrði stjórnarmanna og eru hæfisskilyrði forstöðumanns innri endurskoðunardeildar sambærileg. FIE og Deloitte leggja til að hert verði á kröfum um menntun forstöðumanns innri endurskoðunardeildar. Að teknu tilliti til umsagna leggur ráðuneytið til eftirfarandi breytingar á ákvæðum 2. mgr. (breytingar feitletraðar):

a. 2. másl. 2. mgr. verður svohljóðandi: **Hann skal hafa sérþekkingu á sviði innra eftirlits, hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt starfi sínu.**

b. Lokamálsliður 2. mgr. verður svohljóðandi: **Fjármálaeftirlitið getur hvenær sem er tekið hæfi forstöðumanns innri endurskoðunardeildar til sérstakrar skoðunar telji stofnunin tilefni til þess.**

SFF og FIE fjalla um þær athugasemdir sem innri endurskoðunardeild kann að gera. Eru lagðar til orðalagsbreytingar til að skerpa á ákvæðunum. Að teknu tilliti til umsagnanna leggur ráðuneytið til að 3. mgr. verði svohljóðandi (breytingar feitletraðar):

Innri endurskoðun skal reglulega gera stjórn og endurskoðunarnefnd grein fyrir starfsemi sinni. Skylt er að taka þær athugasemdir sem forstöðumaður innri endurskoðunar metur mikiivægar fyrir á stjórnarfundum og færa til bókar. **Forstöðumaður innri endurskoðunardeildar hefur rétt til setu á stjórnarfundum þar sem athugasemdir hans eru á dagskrá.**

7. gr.

FME og SÍ leggja til að auk niðurstaðna álagsprófa skuli skjalfesta forsendur þær sem álagsprófið byggir á. Þótt ráðuneytið telji raunar að forsendur álagsprófa skuli vera hluti af þeim reglum sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að setja um framkvæmd þeirra, en öðru vísi verði ekki unnt að tryggja samanburð á milli fyrirtækja og gagnsæi þeirra, telur ráðuneytið engu að síður að það styrki ákvæðið að kveða skýrt á um þetta í sjálfum lögnum. Leggur það því til að 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins (um breytingu á 17. gr. laganna) verði svohljóðandi (breytingar feitletraðar):
Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma regluleg álagspróf og skjalfesta **forsendur og niðurstöður þeirra. Niðurstöður álagsprófa skulu vera á dagskrá næsta stjórnarfundar eftir framkvæmd þeirra.**

8. gr.

SÍ finnur tillögu frumvarpsins um uppfærða skuldbindingaskrá (a-liður 8. gr.) flest til foráttu. Virðist sem umsagnaraðili átti sig ekki á þeim mun sem er á þjóðskrá skuldbindinga (National Credit Registry) og þeirri skuldbindingaskrá sem verið er að leggja til í frumvarpinu og varðar þá sérstaklega sem lenda á lista yfir stórar áhættuskuldbindingar. Er ákvæðinu einnig ætlað að byggja undir ákvæði 17. gr.a. (b-liður 8. gr. frv.) sem sjálfkrafa félli dautt niður ef farið væri að tillögu SÍ um að fella a-lið brott.

Ráðuneytið tekur hins vegar heilshugar undir með SÍ um nauðsyn nákvæms gagnagrunns um skuldastöðu fyrirtækja og heimila og mun, eftir því sem tilefni gefst til, beita sér fyrir uppsetningu slíks grunns.

Hvað varðar afmörkun þess mengis sem SÍ telur að lenda muni á skuldbindingaskrá skv. a-lið þá vill ráðuneytið benda á að skilningur þess er að allir sem skulda umfram 750 m.kr. lendi á skránni, ekki aðeins þeir sem skulda yfir 0,25% af heildarútlánum viðkomandi fjármálafyrirtækis eins og haldið er fram í umsögninni. Leiki minnsti vafi á því að skilningur ráðuneytisins sé réttur, er ástæða til að rýna í textann.

FME leggur til að gildistöku 17. gr. frv. verði frestað til þess að rúm gefist til að hanna nauðsynlegan gagnagrunn. Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að gildistaka verði miðuð við næstu áramót.

SFF telur að of íþyngjandi sé að skila inn upplýsingum í gagnagrunninn mánaðarlega og leggur til að skil verði ársfjórðungsleg. Með hliðsjón af því hversu hvikular aðstæður geta reynst á fjármálamarkaði telur ráðuneytið rétt að halda fast við mánaðarleg skil. Þá bendir SFF á að vísað sé til „tengdra aðila“ í 3. másl. 2. mgr. (um 17. gr.a.) og er það rétt að hér hefði átt að vísa til „aðila í nánnum tengslum“, sbr. skilgreiningar. Er lagt til að þetta verði leiðrétt.

Þá vill ráðuneytið taka undir tillögu SFF um breytingar á viðurlagaákvæði 2. mgr. b. liðar 8. gr. frumvarpsins (um 17. gr.b.). Tillagan er að í stað fyrri málsliðar 2. mgr. komi (breytingar feitletraðar): Neiti aðili að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar skv. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið lagt auknar eiginfjárkröfur á eftirlitsskylda aðila vegna lánafyrirgreiðslu af hálfu eftirlitsskyldra aðila til viðkomandi.

10. gr.

SFF, FME og NasdaqOMX fjalla um efni 10. gr. frv. í umsögnum sínum. SFF telur að of íþyngjandi sé fyrir þróun fjármáلامarkaðarins að FME setji reglur um hvað teljist heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir. Hætta sé á því að það sem ekki verði beinlínis heimilað í reglunum yrði álitid óheimilt. Eðlilegra geti verið að FME setji reglur um hvað teljist óheilbrigðir og óeðlilegir viðskiptahættir (black list). Það gæfi þá SFF svigrúm til þess að vinna að sameiginlegum siðareglum fyrir aðildarfélög sín.

FME leggur til að ákvæðum greinarinnar verði endurraðað. Leggur stofnunin til að ákvæði 2. mgr. (um Úrskurðarnefnd) verði í sér grein.

NasdaqOMX bendir á þjóðhagslegt mikilvægi fjármálafyrirtækja og að eðlilegt sé því að gera ríkari kröfur til þeirra um stjórnun og heilbrigðan rekstur en ella. Leggur kauphöllin til að við ákvæði greinarinnar bætist (fremst) eftirfarandi texti: **Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skulu þau m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi þess eða ársskýrslu. Jafnframt skal fyrirtækið tileinka sérstakan hluta af vefsíðu sinni góðum stjórnarháttum og birta þar stjórnarháttayfirlýsingu þess og fleiri gögn.**

Ráðuneytið hefur skilning á áhyggjum SFF og styður breytingartillögur umsagnaraðila.

11. gr.

SFF, SÍSP og FME fjalla um 11. gr. í umsögnum sínum. Leggja þessir umsagnaraðilar ýmist til verulegar breytingar á ákvæðum greinarinnar eða brottfall.

Það er vissulega rétt sem fram hefur komið að ákvæði þessi eru ekki afrakstur nefndarstarfs og komu inn í frumvarpið á síðari stigum. Einnig er rétt að fyrirmynd ákvæðisins er að finna í lögum um sjúkraskrár.

Til þess að koma að einhverju leyti til móts við umfjallanir umsagnaraðila leggur ráðuneytið til að ákvæði greinarinnar verði nánar afmörkuð þannig að ekki sé hætta á að ákvæðið hindri nauðsynlegt innra eftirlit í fjármálafyrirtækjum eða samskipti fjármálafyrirtækja og eftirlitsaðila eða sé um of kostnaðarlega íþyngjandi fyrir fjármálafyrirtæki.

Leggur ráðuneytið til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á ákvæðum greinarinnar:

a. Nýr málslíður bætist við 3. mgr. og er hann svohljóðandi: **Fjármáiafyrirtæki er heimilt að taka gjald fyrir upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein í samræmi við kostnað við öflun þeirra.**

b. Ný málsgrein, 4. mgr., bætist við greinina, svohljóðandi: **Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við um aðgengi starfsmanna innri eftirlitseininga hjá fjármálaafyrirtækjum, svo sem vegna útlánaeftirlits og peningabvættis, að upplýsingum um einstaka viðskiptamenn. Ákvæði 3. mgr. eiga ekki við um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn sem veittar kunna að vera innri eftirlitseiningum eða opinberum eftirlits- eða rannsóknaraðilum.**

17. gr.

FME, SFF, SÍ, LMFÍ fjalla um efni 17. gr. í umsögnum sínum. FME leggur til að orðið „bannregla“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott en í staðinn komi „banni“. Er breytingartillaga þessi ráðuneytinu að meinalausu.

SFF telur bannreglu 1. málsl. of afdráttarlausu og gerir athugasemdir við að FME sé heimilt að setja reglur um hvaða samningar teljist undanþegnir bannreglunni. Leggur SFF til að FME sé skylt að setja slíkar reglur til þess að á hverjum tíma sé ljóst hverjir þessir samningar séu. Þá leggja SFF, SÍ, FME og LMFÍ að skilgreina skuli „lykilstarfsmann“, sbr. sameiginlega tillögu ráðuneytisins og SFF til breytinga á 1. gr. frv.

SÍ leggur til að við ákvæði 1. málsl. 1. mgr. bætist „eða dótturfélögum í eigu þess“. Ráðuneytið styður tillögu þessa.

SÍ gagnrýnir ákvæði 2. mgr. um lánveitingar til þess hóps sem þar er talinn upp. Virðist SÍ líta fram hjá því að lögð eru til tvenn mörk hámarkslánveitinga, þ.e. 1% af eiginfjárgrunni og allt að 100 mkr. og virðist draga þá ályktun að um mismunandi fjárhæðarmörk verði að ræða á milli fjármálaafyrirtækja eftir stærð þeirra. Ráðuneytið deilir ekki þessum áhyggjum með SÍ.

Loks gagnrýnir SÍ að FME sé gert að skilgreina, í reglum sínum, hvað teljast traustar tryggingar.

18. gr.

FME, SFF, SÍ og LMFÍ fjalla um efni 18. gr. í umsögnum sínum. Í umsögn FME er grein gerð fyrir þeim breytingum sem leiðir af tilskipun ESB nr. 111/2009 og áhrif munu hafa á möguleika íslenskra stjórnvalda til þess að setja meira íþyngjandi ákvæði um hámark stórra áhættuskuldbindinga. FME leggur til breytingu sem ráðuneytið, með hliðsjón af tilskipuninni, styður en samkvæmt tillögunni **falla brott 4. og 5. mgr. greinarinnar.**

Af sjálfu sér leiðir að athugasemdir SFF og SÍ eiga ekki við, verði farið að tillögu FME.

23. gr.

SFF bendir á að í kaflanum sé víða að finna orðalagið „aðili sem hyggst eignast virkan eignarhlut“ og leggur til að orðið „fjárfestir“ verði notað í stað þess. Ráðuneytið er sammála því að orðfæri frumvarpsins er þyngslalegt en bendir á að ef fara eigi að tillögu SFF þarf að bæta nýrri málsgrein við 23. gr. frv. (um 40. gr. laganna), svohljóðandi: **Með fjárfesta í 41.-47. gr. er átt við aðila sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.**

Verði farið að tillögu þessari þarf að gæta þess að skipta út viðeigandi texta í 41.-47. gr.

24. gr.

FME leggur til að textinn „og birtir opinberlega“ bætist við 12. tölul. upptalningar í 1. mgr. og styður ráðuneytið þá tillögu.

25. gr.

FME leggur til að efni greinarinnar verði skipt upp í tvær aðskildar greinar. Að meginefni til eru lagðar til tilfærslur einstakra ákvæða og tekur ráðuneytið ekki afstöðu til þess hvort tilefni sé til að ráðast í slíkan uppskurð útlitsins vegna. Þó vill ráðuneytið styðja tillögu FME um að eftirfarandi tveimur málslíðum verði bætt við 1. mgr. 25. gr. frv. (um 42. gr. 1.): **Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska aftur eftir frekari upplýsingum. Slík beiðni hefur ekki áhrif á framangreinda tímafresti.**

Ráðuneytið er enn fremur sammála því að lokamálsliður 2. mgr. 26. gr. frv. eigi betur heima sem sjálfstæð málsgrein og leggur til að hann verði færður í 25. gr. og verði ný 3. mgr. þeirrar greinar, svohljóðandi: **Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálafyrirtæki eða váttryggingafélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lytl yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í samræmi við 3. mgr. 2. gr. áður en niðurstaða þess er kunngerð.**

Laganefnd LMFÍ gagnrýnir að ekki sé að finna skilgreiningu á hugtakinu „orðspori“ í frumvarpinu; m.ö.o. að ekki liggi til grundvallar mati FME fyrirframgefni, gagnsæ og hlutræn sjónarmið, eins og segir í umsögninni. Vill ráðuneytið benda á - sem reyndar kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu - að með greininni og nokkrum öðrum er lögð til innleiðing á tilskipun ESB nr. 44/2007. Sú tilskipun tiltekur með tæmandi hætti þau viðmið sem eftirlitsaðilar mega styðjast við þegar metið er hæfi fjárfesta til að fara með virkan eignarhlut. Er

„orðspor“ eitt þeirra viðmiða. Í tilskipuninni er (aðfarargrein nr. 8) eftirfarandi umfjöllun um orðspor:

(8) With regard to the prudential assessment, the criterion concerning the "reputation of the proposed acquirer" **implies the determination of whether any doubts exist about the integrity and professional competence of the proposed acquirer and whether these doubts are founded. Such doubts may arise, for instance, from past business conduct.** The assessment of the reputation is of particular relevance if the proposed acquirer is an unregulated entity but should be facilitated if the acquirer is authorised and supervised within the European Union.

Það er því erfitt að sjá fyrir sér að tilskipunin gefi færi á að takmarkaðir séu möguleikar eftirlitsaðilans við mat á þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sinn, t.d. með tilvísun til þess að viðkomandi hafi hlotið dóm fyrir tiltekin brot. Eins og víðar í frumvarpinu er, í samræmi við tillögur Kaarlo Jenneri, verið að auka heimildir FME til sjálfstæðs mats án þess að eftirlitsaðilinn þurfi að hafa fyrir framan sig þrönga lagaskilgreiningu á því hvernig staðið skuli að mati (discretionary powers).

Það er hins vegar sjálfgefið að sérhvert mat FME og ákvarðanatoka verður ætíð að grundvallast á málefnalegum sjónarmiðum og vönduðum verkferlum. Þarf enda stofnunin í langflestum tilvikum að geta rökstutt ákvarðanir sínar.

Viðskiptaráð Íslands gerir tvær efnislegar athugasemdir við efni greinarinnar. Í fyrsta lagi er því haldið fram að FME hafi allt að hálf t. ári til að meta hvort hafna eigi kaupum aðila á virkum eignarhlut og eins er gagnrýnt að fjárfestar skuli háðir matskenndu mati FME eins og það er orðað. Það er misskilningur sem haldið er fram að tímafrestir FME séu allt að 180 dagar. Eins og kemur fram í 4. másl. 1. mgr. hefur FME 60 daga til að framkvæma matið en sá tími getur framlengst um 20 daga mest, sbr. ákvæði lokamálsliðar málgreinarinnar ef FME óskar frekari upplýsinga. Hámarkið er því 80 dagar í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Hvað varðar mat FME þá vísast til þess sem að framan segir um auknar matsheimildir FME.

26. gr.

Í gildandi lögum, þ.e. 43. gr., er FME heimilað að samþykkja með skilyrðum að maður megi fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki, sbr. „*Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.*“ Í frumvarpinu er heimildarákvæði þetta hins vegar fellt brott. Leggur FME til í umsögn sinni að það fái að standa, þ.e. því verði bætt við ákvæði frumvarpsins.

Ráðuneytið getur ekki stutt tillögu FME. Gera gildandi lög ráð fyrir umsókn til FME og formlegri heimild stofnunarinnar til umsækjanda til þess að fara með virkan eignarhlut en tilskipunin, sem hér er verið að innleiða, gerir ekki ráð fyrir umsókn eða heimild eftirlitsaðila. Tilskipunin gefur eftirlitsaðilum hins vegar tiltekinn tímaramma til þess að meta þann sem hyggst eignast virkan eignarhlut og tækifæri til þess að setja sig upp á móti hinum fyrirhuguðu kaupum. Ráðuneytið getur ekki fundið stoð í tilskipuninni um að eftirlitsaðilar megi skilyrða „ekki-höfnun“ sína, sbr. texta 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, um nýja 3. mgr. 19. gr.a.(í tilskipun ESB nr. 48/2006), svohljóðandi:

3. Member States shall neither impose any prior conditions in respect of the level of holding that must be acquired nor allow their competent authorities to examine the proposed acquisition in terms of the economic needs of the market.

28. gr. og 29. gr.

FME og SFF fjalla um ákvæði greinanna í umsögnum sínum. SFF leggja áherslu á að FME vandi til verka við mat á þeim sem hyggjast eignast virkan eignarhlut og haldi í heiðri grunnreglur vandaðrar stjórnábyrgðar. Eins og áður hefur komið fram telur ráðuneytið afar mikilvægt að ákvarðanir FME byggji á traustum grunni. SFF áréttar ósk sína um að endurvakin verði kærufund sem felld var niður með lögum árið 2006. Ráðuneytið mun í lok þessa minnisblaðs fjalla um það atriði, auk annars.

FME leggur til breytingu á orðalagi 2. másl. 28. gr. (um 45. gr. 1.) sem ráðuneytið styður. Er breytingin svohljóðandi (breyting feitletruð): **Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins fái stofnunin vitneskju um kaupin eða aukninguna.**

FME fjallar um ósamræmi sem er á milli texta 28. og 29. gr. frv. Ósamræmi þetta stafar af því að í frumvarpinu, þ.e. 29. gr., hefur gleymst að breyta orðfæri til samræmis við þær breytingar sem leiðir af tilskipuninni, þ.e. ekki er sótt um formlega heimild. Að teknu tilliti til ábendingar FME leggur ráðuneytið til eftirfarandi breytingu á 2. másl. 29. gr. (um 46. gr. 1.), svohljóðandi (breyting feitletruð): **Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður og niðurstaða Fjármálaeftirlitsins tók til.**

30. gr.

FME og SFF fjalla um ákvæði greinarinnar í umsögn sinni. Efnislega halda báðir umsagnaraðilar því fram að óljóst sé hvaða hömlur eru á meðferð hlutar á meðan á matstími FME stendur. Ráðuneytið er því ósammála varðandi fyrri málslið greinarinnar. Í ákvæðinu er skýrt vísað til meðferðar á virkum eignarhlut, t.d. þátttaka í atkvæðagreiðslu, en samkvæmt skilgreiningu 1. gr. telst það virkur eignarhlutur ef aðili fer með hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira. Lægri hlutdeild telst ekki virkur eignarhlutur.

Hvað varðar ákvæði seinni málsliðar greinarinnar getur ráðuneytið tekið undir með FME að ekki kemur skýrt fram, í þeim tilvikum að aðili fór áður með virkan eignarhlut en hyggst auka við hann, hvaða ákvæði eigi við um þann virka eignarhlut sem hann þegar átti. Til þess að eyða vafa sem kann að skapast um þetta atriði leggur ráðuneytið til að við greinina bætist nýr

málsliður svohljóðandi: **Ákvæði 2. másl. eiga þó ekki við um meðferð virks eignarhlutar sem aðili átti fyrir.**

33. gr.

FME bendir í umsögn sinni á að gleymst hafi í frumvarpinu að leggja til brottfall 2. mgr. 107. gr. laganna sem í reynd fjallar um áþekk atriði og 33. gr. frumvarpsins (um 49. gr. 1.). Að teknu tilliti til umsagnar FME leggur ráðuneytið til svohljóðandi breytingu á ákvæði greinarinnar (breyting feitletruð): **Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtæki í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 40. gr. og til að meta hvort þeir teljast hæfir til að fara með virkan eignarhlut samkvæmt þessum kafla. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.**

Áréttað er að breyting þessi gerir ráð fyrir brottfalli 2. mgr. 107. gr. laganna.

35. gr.

Laganefnd LMFÍ, FME, SFF, Landssamtök lífeyrissjóða, SÍSP og Félag atvinnurekenda fjalla um ákvæði greinarinnar í umsögnum sínum.

FME leggur til viðbót við lokamálslið 7. mgr. greinarinnar um að stofnunin geti bannað einstaklingi stjórnarsetu ef upplýsingar um hann reynast ófullnægjandi. Ráðuneytið telur viðbót þessa óþarf m.t.t. annarra ákvæða í greininni. Er í þessu sambandi einkum bent á ákvæði 4. og 5. másl. 3. mgr., en þau eru svohljóðandi: *Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið. Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati.*

Er það mat ráðuneytisins að ákvæði þessi veiti FME rúmar heimildir til þess að túlka þau tilvik að væntanlegur stjórnarmaður þumbast við að veita upplýsingar um sig á þann veg að rétt og eðlilegt sé að draga í efa hæfni hans til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri fjármálafyrirtækis. Þá gerir ákvæðið ráð fyrir því að FME setji reglur um hvernig staðið skuli að hæfismati stjórnarmanna. Hefur stofnunin, að mati ráðuneytisins, fullar heimildir til þess að kveða á um það í reglunum, hver séu áhrif þess ef stjórnarmaður ekki sinnir ósk um nauðsynlegar upplýsingar.

Laganefnd LMFÍ, SFF, SÍSP og Landssamtök lífeyrissjóða gera athugasemdir við að meðal hæfiskrafna sem stjórnarmenn skulu uppfylla sé að þeir hafi lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Laganefnd LMFÍ telur ákvæðið varhugavert og bendir á að einstaklingur geti haft viðamikla reynslu sem nýtist í þágu

fjármálafyrirtækis þótt háskólaprófi hafi ekki verið lokið. SFF heldur því fram að tilvísun til háskólamenntunar „sem nýttist í starfi“ sé ekki nægilega fyrirsjáanlegt en tiltekur samt að mikilvægt sé að hluti stjórnar hafi sérþekkingu sem byggir á háskólamenntun. Óheppilegt sé að ærlegt og traust fólk með gott gildismat sé útilokað frá stjórnarsetu ef það hefur ekki háskólamenntun. Í umsögn SÍSP er tekið undir sjónarmið þau sem fram koma í umsögn SFF.

Aukin ábyrgð stjórnarmanna gengur eins og rauður þráður gegnum frumvarpstextann. Umfjallanir framangreindra umsagnaraðila um hæfisskilyrði þessi koma því ráðuneytinu í opna skjöldu. Vissulega skulu stjórnarmenn vera „ærlegt og traust fólk með gott gildismat“, sbr. ákvæði 2. og 3. mgr. um að menn hafi ekki brotið af sér og ekki sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir heilbrigðum og traustum rekstri. En það eitt sér að vera „ærlegur og traustur“ er ekki nægilegt til þess að geta verið virkur stjórnarmaður í fjármálafyrirtæki, að mati ráðuneytisins. Fræðileg þekking á grunnforsendum heilbrigðs rekstrar, auk annarra hæfisskilyrða sem upp eru talin í ákvæðum frumvarpsins, eru forsenda þess að ekki verði haldið út á þær hálu brautir sem íslensk fjármálafyrirtæki – stór og smá – voru komin á. Til álita kom í nefnd þeirri sem stóð að smíði frumvarpsins að tilgreina þá háskólamenntun sem eðlilegt kynni að vera að krefjast að stjórnarmenn hefðu. Hér komu til álita (í stafrófsröð) hagfræði, lögfræði, stærðfræði, verkfræði og viðskiptafræði. Fallið var frá þessari hugmynd og í staðinn vísað til þess að viðkomandi menntun „nýttist í starfi“. Var það einkum vegna þess að tæmandi upptalning hefði getað komið í veg fyrir að einstaklingar með nýjar háskólagráður, t.d. sambland af viðskipta- og lögfræði, kynnu að veigra sér við að þiggja sæti í stjórnnum fjármálafyrirtækja.

Þá er eins og umsagnaraðilar telji að einstaklingar, sem ekki uppfylla menntunarkröfur þær sem tilgreindar eru, séu um aldur og ævi útilokaðir frá stjórnarsetu. Svo er ekki því í 2. másl. 3. mgr. er einmitt sérstaklega kveðið á um það að FME geti veitt undanþágu frá menntunarkröfum á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi.

Sjálfsgagt og eðlilegt þykir að gera þær kröfur að einstaklingur sem skerðir hár annars einstaklings í atvinnuskyni eða skiptir um svefnherbergishurð uppfylli formlegar hæfiskröfur, t.d. varðandi menntun. Það skýtur því skökku við að þegar herða á hæfiskröfur stjórnarmanna í fyrirtækjum sem geta haft stórfelld áhrif á afkomu og efnahag fjölda manns skuli talið nægjanlegt að menn séu ærlegir og traustir. Ráðuneytið leggst gegn því að hróflað sé við þeim hæfisskilyrðum sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr.

Félag atvinnurekenda hvetur til þess í umsögn sinni að tækifærið sé nýtt nú til að auka ábyrgð svokallaðra „skuggastjórna“ í fjármálafyrirtækjum. Þótt ráðuneytið hafi fullan skilning á mikilvægi þess að koma böndum á áhrif skuggastjórnenda á daglegan rekstur fyrirtækja telur það engu að síður að gaumgæfa þurfi atriði þessi í víðara samhengi.

Landsamtök lífeyrissjóða segja í umsögn sinni að seta starfsmanna lífeyrissjóða í stjórnnum smærri fjármálafyrirtækja skapi afar litla hættu á hagsmunaárekstrum og leggja til breytingu á 4. mgr. 35. gr. til þess að þeir geti tekið sæti í stjórnnum. Ráðuneytið hefur nokkurn skilning á sérstöðu lífeyrissjóðanna að þessu leytinu til en telur tillögu þá sem fram kemur í umsögn þeirra allt of víðtæka.

SFF telja í sinni umsögn að takmarkanir frumvarpsins á stjórnarsetu í tengdum fyrirtækjum séu of viðamiklar og leggur til að reynt verði að afmarka takmarkanirnar við þau tilvik þar sem hættu er á hagsmunaárekstrum. Er vísað til þess sem segir um umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða.

Þá er loks að geta athugasemda við texta. SFF bendir á að óvissa geti komið upp varðandi skilgreiningu á „tengdum félögum“ í 1. másl. 4. mgr. Ráðuneytið fellst á að skýrara væri að segja „félaga í nánum tengslum“. SFF bendir á að í lokamálgrein standi „framkvæmdastjórn“ en þar á að standa „framkvæmdastjóra“. Laganefnd LMFÍ telur að tilvísun til „lögmanns eftirlitsskylds aðila“ sé of rúm. Ráðuneytinu er ljóst að erfitt getur verið að afmarka svo fullnægjandi sé hvenær sjálfstætt starfandi lögmaður telst lögmaður tiltekins félags. Verður að treysta því að löglærðum einstaklingum sem best allra ættu að kunna skil á almennum reglum um almennt og sérstakt vanhæfi ætti að vera treystandi til að meta hugsanlegt vanhæfi sitt ef þær aðstæður koma upp að óskað sé eftir að þeir taki sæti í stjórn eftirlitsskylds aðila. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að FME eigi um það lokaorðið hvort „tengd“ stjórnarseta geti skapað hættu á hagsmunaárekstrum.

37. gr.

SFF leggur til að gefinn verði aðlögunartími, fram yfir næsta aðalfund, til þess að bregðast við banni við svokölluðum starfandi stjórnarformönnum, verði frumvarpið að lögum. Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við tillögu SFF.

39. gr.

Í 39. gr. frv. er tillaga að tveimur nýjum greinum, 57. gr.a. um kaupaukakerfi, og 57. gr.b. um starfslokasamninga. Samtök atvinnulífsins (SA), SFF, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF), Laganefnd LMFÍ og SÍ fjalla um efni greinarinnar í umsögnum sínum.

SSF segja í umsögn sinni að kaupaukakerfi séu oftár en ekki hluti af ráðningarsamningum, t.d. hjá starfsmönnum fjármálafyrirtækja, og að allt of harkalegt sé að banna kaupauka alfarið. Ráðuneytið undrast umsögnina. Hvergi er að finna í frumvarpinu bann við kaupaukakerfum. Aðeins er verið að leggja til hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að heimilt sé að gera slíka samninga.

SA fjallar um ákvæði frumvarpsins um kaupaukakerfi í umsögn sinni. Gagnrýni SA virðist einkum helgast af því að FME sé ætlað að setja reglur um kaupaukakerfi en tilmæli ESB gera ráð fyrir að stjórnir fjármálafyrirtækja setji reglurnar. Um ákvæði tilmælanna er enginn ágreiningur. Meginástæða þess að í frumvarpinu er lagt til að FME setji reglurnar er að tilmæli ESB eru, eins og nafnið gefur til kynna, aðeins tilmæli á þessu stigi. Ef horft er til venju innan sambandsins má reikna með að bindandi fyriræli, væntanlega í formi tilskipunar, muni líta dagsins ljós innan tíðar. Því þykir ráðuneytinu hentugra að FME setji reglurnar til þess að auðveldara verði að fylgja þróun löggjafar innan ESB en ef nákvæm útfærsla reglnanna yrði bundin í lög. Að fenginni reynslu telur ráðuneytið eðlilegt, a.m.k. til skamms tíma, að reglusetning af þessu tagi sé á forræði opinbers aðila.

Laganefnd LMFÍ gagnrýnir að með frumvarpinu, verði það að lögum, sé vikið til hliðar áður umsömdum réttindum. Ráðuneytið bendir á það að frumvarpið leggur til að samningum sem ekki hafa komið til framkvæmda sé vikið til hliðar. Ekki er lagt til að virkum samningum sé breytt. Nokkur fordæmi frá seinni árum eru fyrir því að áður umsömdum réttindum, jafnvel réttindum sem voru virk, hafi verið vikið til hliðar með lögum.

SA gagnrýnir einnig ákvæði frumvarpsins um starfslokasamninga og telur að nálgun þess til málsins sé allt önnur en nálgun tilmæla ESB. Þessu er ráðuneytið ósammála. Nægir þar að benda á ítarlega umfjöllun um tilmælin í athugasemdum með frumvarpinu.

SÍ lætur þess getið í umsögn sinni að viss hættu kunni vera á því að reynt verði að „fegra“ afkomutölur til þess að sýna „bókhaldslegan hagnað“. Fræðilega séð kann þessi hættu að vera fyrir hendi. En bent skal á að tillögur frumvarpsins auka víða ábyrgð eftirlitsaðila, bæði innan fyrirtækja og utan, og því ætti hættu á slíkum „bókhaldsslysum“ að vera minni eftir samþykkt þess en fyrir.

Ráðuneytið telur að með tillögum frumvarpsins, bæði um kaupaukakerfi og starfslokasamninga, sé reynt að gæta meðalhófs. Slík kerfi og samningar verða ekki bönnuð, verði frumvarpið að lögum, heldur verður settur um þá tiltölulega rúmur lagarammi. Að mati ráðuneytisins hefði verið ábyrgðarlaust að taka ekki á þessum álitaefnum í frumvarpinu.

40. gr.

SFF, SÍSP, SÍ, Bankasýsla ríkisins og KPMG hf. fjalla um efni greinarinnar í umsögnum sínum.

Unnið er að endurskipulagningu smærri fjármálafyrirtækja um þessar mundir og eru samningaviðræður þarum raunar komnar langt á veg. Í gildandi 77. gr. eru tvær málsgreinar. Fjallar sú fyrri um undanþágu sparisjóðanna frá því að þurfa að uppfylla lágmarkskröfur um eigið fé fjármálafyrirtækja og sú síðari um hvaða

tímafrest sparisjóðir, sem sameinast, hafa til þess að uppfylla eiginfjárkröfur. Eins og áður hefur komið fram í minnisblaði þessu bendir allt til þess að Bankasýslan, f.h. fjármálaráðherra, muni fara með meiri hluta stofnfjár í all flestum sparisjóðum landsins. Ákvæði fyrri málsgreinar 77. gr. munu því ekki taka til þeirra sjóða þar sem undanþágan, sem byggir á 2. mgr. 10. gr. tilskipunar ESB nr. 48/2006, fellur sjálfkrafa úr gildi, sbr. 3. mgr. sömu greinar, ef breytingar verða á yfirláðum í sparisjóði. Hins vegar er tímafrestur seinni málsgreinarinnar þrengri en sá tímafrestur sem FME getur gefið fjármálafyrirtækjum til þess að koma eigin fé á réttan kjöl, sbr. 86. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðum 86. gr. getur FME veitt sex mánaða frest til þess að auka eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækis og viðbótarfrest í allt að sex mánuði.

Þótt ráðuneytið geti vel tekið undir með FME að rétt sé að gefa aðlögunartíma til næstu áramóta til þess að koma eiginfjárstöðu sparisjóða í lögmælt horf telur það hin almennu ákvæði 86. gr. fullnægjandi til þess að tóm gefist til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Sérstaklega á það við nú þegar hillir undir lok þeirrar skipulagsvinnu. Brottfall 77. gr. laganna mun ekki þrengja tímafresti þar sem hin almennu ákvæði taka þá við.

SFF fjallar um þann möguleika að heimilt verði að stofnsetja fjármálafyrirtæki hér á landi á grundvelli heimildarákvæðis í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar ESB nr. 48/2006. Vitna samtökin til þess að slíkt sé heimilt í nágrannalöndum. Þetta atriði var ekki til umfjöllunar í nefnd þeirri sem fékk það verkefni að semja frumvarp það sem hér er til umfjöllunar. Ráðuneytið telur hins vegar vel koma til greina að sérhæfð fjármálafyrirtæki sem starfa á afmörkuðum sviðum, þ.e. með takmarkað starfsleyfi, geti hlotið starfsleyfi þótt stofnfé slíks fyrirtækis yrði aðeins 1 milljón evra. Tíma tekur að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar vegna slíks.

41. gr.

SFF og KPMG hf. fjalla um efni greinarinnar í umsögnum sínum. SFF segir í umsögn sinni að FME sé veitt mikið vald til þess að ákvarða hvaða frádráttarliðir skuli dragast frá eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækja og óskar eftir því að gefinn sé aðlögunartími til þess að fara að hertum kröfum. KPMG hf. telur að ekki sé skylda samkvæmt tilskipun ESB nr. 48/2006 að draga skattinneign frá eiginfjárþætti A og því sé gengið lengra en tilskipunin gerir ráð fyrir.

Ráðuneytið getur ekki fallist á hugmyndir SFF um lengri aðlögunartíma en þegar er tilgreindur í lögunum og varðandi umsögn KPMG hf. bendir það á að fullar heimildir eru til þess samkvæmt tilskipuninni að ganga lengra í þá átt að tryggja fjárhagslegan styrk fjármálafyrirtækja en þær lágmarkskröfur sem gerðar eru með tilskipuninni.

SFF bendir á meinlega innsláttarvillu í texta b.-liðar 41. gr. (um breytingu á 5. mgr. 84. gr.) sem tekin er í arf frá gildandi lögum. Í upptalningu á eiginfjárþætti A vantar „**innborgað stofnfé**“ sem koma á næst á eftir „**innborgað hlutafé**“.

42. gr.

SFF og KPMG hf. fjalla um efni greinarinnar í umsögnum sínum. Endurómar umfjöllunin áhyggjur þessara umsagnaraðila af ákvæðum 41. gr. Auk þess sem fjallað er um varðandi umsagnir um ákvæði 41. gr. telur ráðuneytið rétt að skýra frá því að ákvæði um tæknileg atriði, s.s. eiginfjárútreikninga, eru til sérstakrar skoðunar og má allt eins búast við frekari tillögum um þessi atriði þegar á næsta þingi. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og lúta að eigin fé og mælingum á fjárhagslegum styrk eru hins vegar breytingar sem ráðuneytið telur að ekki megi bíða.

43. gr.

FME bendir á í umsögn sinni að tiltaka þurfi bæði endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtæki í ákvæði greinarinnar. Í samræmi við það leggur ráðuneytið til að málsliðurinn sem bætist við 90. gr. verði svohljóðandi (breyting feitletruð): Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki oftari en fimm ár í röð.

KPMG hf., Félag löggiltra endurskoðanda (FLE) og Deloitte fjalla einnig um ákvæði greinarinnar. KPMG hf. telur ákvæðið óþarft þar sem skammt er síðan sett voru ný lög um endurskoðendur þar sem m.a. er kveðið á um það að endurskoðendur fyrirtækis sem er tengt almannahagsmunum skuli taka sér hlé eftir sjö ár.

FLE telur í umsögn sinni að eyða þurfi óvissu um það hvenær fimm ára starfstímabilið byrjar að telja.

Deloitte gerir grein fyrir viðhorfum sínum til mismunandi tímalengdar starfstíma í frumvarpinu annars vegar og í lögum um endurskoðendur hins vegar og telur að best fari á því að ákvæði laga um endurskoðendur gildi um samband endurskoðanda og viðskiptamanna þeirra.

Ráðuneytið áréttar að það var ekki af vanþekkingu á lögum um endurskoðendur sem lagt er til að samfelldur starfstími skuli vera fimm ár en ekki sjö ár. Auk þess tiltekur frumvarpið að skipta þurfi bæði um endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtæki. Ekki sé nægilegt að skipta um endurskoðanda innan sama endurskoðunarfyrirtækis. Hvað varðar þau álitafni, hvenær starfstími byrjar að telja og hversu langt hlé endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki þarf að taka, vísast til laga um endurskoðendur, enda gilda þau þar sem sérákvæðum laga um fjármálafyrirtæki sleppir.

45. gr. og 46. gr.

Í greinum þessum eru talin upp þau ákvæði laganna sem geta verið grundvöllur stjórnvaldssektar, sektar eða fangelsi.

SFF gagnrýnir hækkun lágmarksstjórnvaldssekta og FME leggur til minniháttar breytingar á texta.

Ráðuneytið telur varhugavert að fara yfir viðurlagaákvæði þessi fyrr en lokið er umfjöllun um þær hugsanlegu breytingar sem viðskiptanefnd kann að leggja til á ákvæðum frumvarpsins. Málsgreinar geta færst til og því er nauðsynlegt að stemma ákvæði viðurlagagreinanna af í lok umfjöllunar.

Sama á raunar við um gildistökuákvæði. Hugmyndir hafa verið reifaðar af nokkrum umsagnaraðilum um breytilegan gildistöku tíma einstakra ákvæða og því eðlilegt að þau komi til heildarskoðunar í lok umfjöllunar um frumvarpið.

Annað

Nokkrir umsagnaraðilar koma inn á atriði sem ekki eru til umfjöllunar í frumvopinu. Telur ráðuneytið rétt að vekja sérstaka athygli á nokkrum þeirra.

NasdaqOMX (kauphöllin) telur að fjármálafyrirtækjum yfir tiltekinni stærð eigi að vera skylt að upplýsa opinberlega um eignarhald í því og breytingar þar á. Telur kauphöllin að slíkt ákvæði gæti rúmast innan 49. gr. laganna. Viðskiptaráð Íslands (VÍ) viðrar svipaða hugmynd.

Félag atvinnurekenda (FA) leggur til að reynt verði að innleiða ákvæði sem taki á svokölluðum skuggastjórnendum, en það eru t.d. stórir eignaraðilar sem – þótt þeir sitji ekki sjálfir í stjórn – geta haft bein og óbein áhrif á daglegan rekstur, t.d. lánveitingar.

Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) leggur til breytingar á ákvæðum 93. gr. laganna um góða endurskoðunarvenju sem ráðuneytið tekur undir.

SÍ fjallar um nauðsyn þess að hafin verði vinna við samræmda heildar útlánaskrá sem taki til allra skuldunauta.

SFF fjallar um nauðsyn þess, að mati samtakanna, að endurvekja kæruleið fyrir þá aðila sem lúta eftirliti FME.

